

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing ehf. Hvalfjörður



<b>Dags eftirlits</b>	1.9.2021	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing ehf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Heimili</b>	Hólmaslóð 8 - 10, 101 - R	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	6606952069	<b>Flokkur</b>	Olía
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	63.40
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Porkell Árnason	<b>Staðsetning</b>	381456,135 435175,315

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlitið en ein ábending var settar fram í eftirlitinu er varðar orðalag tryggingaskírteinis vegna bráðamengunar hafs og stranda.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Áhættumat ársins 2020 var yfirfarið og nýtt áhættumat gert út frá þeim upplýsingum sem fyrir liggja. Ekki er um að ræða breytingu á milli ára.

Í stöðinni eru geymd olíuefni sem notuð eru við gerð eldsneytis (Alkalyte) sem og tilbúið bensín. Er eftirlit fór fram voru einungis olíuefni í tveimur geymum á Litla-sandi, alls um 6,9 milljónir lítra, en allir geymar á Mið-sandi stóðu tómir. Verið var að lofta geymanna og stóðu mannop þeirra því opin. Von er á skipi um miðjan mánuðinn og verður stöðin þá tæmd af olíuefnum og ekki er vitað hvenær fyllt verður aftur á stöðina. Eftirlit og vöktun verður áfram með stöðinni skv. verklagsreglum þar um. Engin áfylling olíuefna á flutningsbíla fer fram í stöðinni.

Engar breytingar á rekstri eru fyrirhugaðar en farið verður í endurbýggingu á dæluhúsi á bryggju á meðan engin olíuefni eru í stöðinni. Verður eldra hús fjarlæggt en í því er að finna asbestplötur. Nýtt hús verður sett upp í þess stað. Einnig hafa raflagnir í dæluhúsum verið endurbættar og aðskildar frá bensínlögnum.

Starfsleyfi, áhættumat vegna starfseminnar, viðbragðsáætlun, neyðaráætlun, verklagsreglur um löndun, aðgerðaáætlun, öryggisblöð skv. REACH og skráningar eru vistaðar í rafrænni rekstrarhandbók sem og útprentað í rekstrarhandbók sem aðgengleg er í stöðinni. Litið var yfir skráningar á mánaðarblöð í rekstrarhandbók og ekki gerðar athugasemdir þar um. Áætlanir eru rýndar með reglulegum hætti og nýjar uppfærslur vistaðar í rafrænni rekstrarhandbók. Eftirliti með stöðinni er stýrt frá stöðinni í Örfirisey og er myndavélakerfi með hreyfiskynjurum tengt þangað. Vaktmaður kemur daglega og skoðar geyma, lagnir og annan búnað í stöðinni. Hæðarmælar í olíugeymum gegna hlutverki birgðaeftirlits. Vottun umhverfisstjórnunarkerfis ISO 14001:2015 gildir til ársins 2023.

Allir olíugeymar voru botnþykktarmælir árin 2016-2017, bæði í Litla-sands og Miðsandsstöð, alls 15 geymar. Allar olíulagnir voru þrýstiprófaðar í september 2017 og voru í lagi. Skv. gr. 4.3 í starfsleyfi skal þykktarmæla geyma á 10 ára fresti og þrýstiprófa lagnir á 5 ára fresti. Minnt er á að þrýstiprófa skal lagnir á næsta ári.

Olíuskiljur skulu þjónustaðar á minnst 6 mánaða fresti skv. starfsleyfi en ekkert olíuálag er á skiljunum þremur sem þjónusta stöðina á Litla-sandi. Í stöðinni á Miðsandi er gegnumstreymi grunnvatns í gegnum stöðina þar sem töluverður vatnsagi er undan hlíðinni, en eru olíugeymarnir grafnir niður, inn í hlíðina. Sjálfvirkir olíuskynjarar eru staðsettir í frárennsli stöðvarinnar og loka þeir fyrir streymi út úr stöðinni ef olía skynjast í frárennslinu. Frárennslið safnast upp í þró sem rúmar rúmlega innihald eins geymis eða 13.000 m<sup>3</sup>. Starfsmenn fá send sjálfvirk boð ef skynjar nema olíu í frárennsli. Olíuskynjarar eru þjónustaðir og prófaðir með reglulegu millibili. Taka skal sýni að lágmarki þriðja hvert ár úr olíuskiljum skv. gr 4.3 í starfsleyfi og skal sýni tekið nú í ár.

Gufuendurnýtingarbúnaðar er í stöðinni og staðsettur á Litla-Sandi fyrir báðar stöðvarnar. Búnaðurinn var þjónustaður í síðustu viku og mælingar gerðar og beðið er eftir skýrslu úr þeirri framkvæmd. Rekstraraðili sendir skýrsluna til eftirlitsaðila um leið og hún berst.

Ekki hefur orðið breyting á tilhögun úrgangsflokkunar og söfnunar í stöðinni frá síðasta eftirliti. Lítil sem engin úrgangur kemur frá stöðinni. Við stærri verk er gerð áætlun um úrgangsmál og reynt að endurnýta efni eftir bestu getu.

Ekið var um báðar stöðvarnar, girðingar skoðaðar og stóðu hlið læst við komu. Stöðin er snyrtileg á að líta og vel við haldið. Engar ábendingar voru settar fram við skoðunina.

#### **ÁBENDINGAR**

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir en ábending er sett fram um að tilgreina þurfi starfsstöð starfsleyfisins á tryggingaskírteininu og ljóst þarf að vera að hámarks upphæð tryggingarinnar, 1 milljón SDR, eigi við um tjón í starfsstöðinni í Hvalfirði en deilist ekki niður á allar stöðvar rekstraraðila innan vátryggingatímabilsins.

#### **ANNAÐ**

Hönnun geyma og lagna sem eru neðanjarðar byggir á katóðutæringarvörn. Mikilvægt að katóðukerfinu sé vel viðhaldið og minnt er á það. Katóðutæringarvarnir voru endurnýjaðar árið 2020.

Engar ábendingar eða kvartanir vegna starfseminnar hafa hvorki borist rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti.

Fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands var viðstaddur eftirlitið.

Reykjavík, 21.09.2021

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Guðbjörg Stella Árnadóttir